

REGLUR

um brottfellingu reglna nr. 330/1989, um króm í sementi.

1. gr.

Reglur nr. 330/1989, um króm í sementi falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 17. janúar 2005.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi.

Breyting á deiliskipulagi á Reykjanesi var samþykkt þann 15. september í bæjarstjórn Grindavíkur og þann 16. september 2004 í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Breytingin tekur til iðnaðarsvæðis á Reykjanesi.

Tillaga að breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 3. október 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Benedikt Ingi Sigurðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Grindavíkur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarrikiseftirlit með sjóflutningum nr. 589/2003.

1. gr.

b-liður 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- b) Við val á öðrum skipum til skoðunar skal Siglingastofnun Íslands ákveða forgangs-
röð samkvæmt eftirfarandi:
- Fyrst skal velja skip sem um getur í I. hluta I. viðauka án tillits til markþáttar þeirra.
 - Skipin sem upp eru talin II. hluta I. viðauka skulu valin þannig að skip með hæsta markþátt skal skoðað fyrst, þá skip með næsthæsta markþátt og svo koll af kolli, eins og um getur í SIRENAC-upplýsingakerfinu.

2. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef skoðanirnar sem um getur í 6. og 7. gr. staðfesta eða leiða í ljós annmarka í tengslum við kröfur samnings og réttlætir þannig farbann skips skal allur kostnaður í tengslum við skoðanirnar sem falla til, á venjulegu reikningstímabili, greiddur af eiganda skipsins, útgerð þess eða fulltrúa hans á Íslandi.

3. gr.

Í fyrirsögn VII. viðauka skal í standa í sviga:

(sem um getur í 1. mgr. 12. gr.) í stað (sem um getur l. mgr. 11. gr.).

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum. Tekið var mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna.

Samgönguráðuneytinu, 20. september 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 6.283. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 8.000.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.